



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun yfirlitssýningar á verkum
Georgs Guðna
Listasafni Íslands
29. mars 2003**

Ágætu sýningagestir.

Vandi þess og vegsemd að vera Íslendingur voru Sigurði Nordal tilefni til að setja saman höfuðrit um íslenska menningu og í árdaga lýðveldis var sá texti einatt uppspretta réttlætningar og tilvísana þegar spurt var um erindi okkar í veröldinni.

Sigurður hefði reyndar einnig getað spurt hvað í því fælist að vera Íslendingur og leitinn að svari við þeirri spurningu er vissulega brýn nú þegar alþjóðavæðing á öllum sviðum hefur svipt okkur í hringiðu heimsviðburðanna.

Þótt ég ætli mér ekki þá dul að fara að gera Sigurði Nordal upp hugleiðingar og ályktanir þykist ég vita að fljótlega hefði hann skipað náttúru landsins í öndvegi í sínum svörum, vitnað í ljóðin sem ættjarðarskáldin helguðu sjálfstæðisbaráttunni á sínum tíma:

„Hátt á eldhrauni upp,
þar sem enn þá Öxará rennur
ofan í Almannagjá
alþingi feðranna stóð.“

„Þú stóðst á tindi Heklu hám
og horfðir á landið fríða
þar sem um grænar grundir líða
skínandi ár að ægi blám.“

„Ásbyrgi, prýðin vors prúða lands,
perlan við straumanna festi,
frjótt eins og óðal hins fyrsta manns,
fléttar hér blómin í hamranna krans.“

Strandbjörgin kveðjunni kasta á gesti –
krýnd, eins og járn undan hesti“.

Reyndar má segja að landnámið sjálft hafi verið upphafið, tíminn þegar hin sterku tengsl þjóðar og náttúru tóku að myndast; ósnortin paradís sem breiddi út faðminn móti landnemum, fjöll og dalir, hraun og sandar, fossar og fljót, firðir og flóar; allt varð að nefna og festa í minni með sögnum sem urðu órofa hluti náttúrunnar. Svo samofin urðu náttúran, menningin og sjálfstæðisvitund okkar litlu þjóðar að ljósmyndabækur sem gefnar voru út á upphafsárum lýðveldistímans birtu lesendum nær eingöngu myndir af nafnfrægum stöðum í ljóðum og sögu: Herðubreið, Dettifoss, Hekla, Ásbyrgi, Þingvellir, Öxará.

Og brautryðjendur í íslenskri myndlist – Þórarinn, Jón Stefánsson, Ásgrímur, Kjarval og fleiri – gáfu þessum skilningi þjóðarinnar á sjálfum sér nýja vídd. Verk þeirra urðu að stórfenglegri símfóníu lita og ljóss; fjöllin og hríslan í verkum Ásgríms; mosinn og hraunið í túlkun Kjarvals urðu mörgum raunsannari en sjálfur veruleikinn.

Það er ekki heiglum hent að ganga á hólm við þessa hefð, hvað þá heldur að gefa þjóð sem gert hefur náttúruna að höfuðþætti í sjálfsskilningi algjörlega nýja sýn, skapa birtu sem óþekkt var, klæða landslag í svo ferska liti að það er eins og við séum að sjá fjöllin í fyrsta sinn. – Já, og hefja slíka hólmgöngu á tímum þegar tískan í listum og menningastraumum höfðu dæmt náttúruna nánast úr leik í málverkinu, og virtir próffessorar í akademíum erlendis reyndu að berja þessa óáran úr íslenskum strák.

En Georg Guðni reyndist trúr þeim tóni sem hann skynjaði í hugskoti sér og bar gæfu til að finna túlkuninni liti og áferð og smátt og smátt hóf hann að skapa og gefa okkur hulinsheim sem hann gerði að veruleika: nýtt Ísland, fjöll og dali, birtu og regn sem hvergi eru til nema á léreftinu en eiga sér samt svo sterkan samhljóm í vitund okkar að málverkið verður endurómur þeirra fegurðar sem kemur í hugann þegar Ísland er nefnt, fylgir okkur hvert sem við förum og þótt órafjarlægð sé til heimaslóðar.

Hið nafnlausa Ísland, ósnortið, eilíft, verk skaparans í sinni upphaflegu mynd, ættjörð án þjóðar, arfleifð sem við eigum – og þó ekki, land einstakrar birtu, annars heims en samt hér. Er það okkar – eða ókominna kynslóða um aldir alda?

Á ljóðrænan hátt er vakin ögrandi spurning: Hvað nú íslenska þjóð?

Georg Guðni hefur fært okkur í fótspor þeirra sem hér námu land fyrir þúsund árum – fært okkur Ísland án þjóðar og sögu, landið sjálft og komist nær kjarnanum en nokkur annar á okkar tímum.

Honum hefur tekist að hefja sambúð þjóðar og náttúru í nýjar hæðir og héldu þó flestir að það væri ekki hægt þegar kynslóð Kjarvals og Ásgríms lagði pensilinn frá sér.

Það er því vel til fundið hjá Listasafni Íslands að gefa okkur um leið og opnuð er yfirlitssýning á verkum Georgs Guðna tækifæri til að skoða nokkrar perlur úr landslagsstofu Ásgríms og sýna einnig Mosa og hraun í túlkun Steinu Vasulka, listakonu sem hefur á alþjóðavísu verið brautryðjandi.

Á þennan hátt fær Georg Guðni skemmtilegan félagsskap frá meistara Ásgrími og sjóntæknilist sem ættuð er úr heimspörpinu og við hin getum glímt við þá þraut að finna samhengið í túlkun þessara ólíku listamanna á náttúrunni.

Við þökkum Listasafni Íslands fyrir það frumkvæði að efna nú til yfirlitssýningar á verkum Georgs Guðna, en sjaldgæft er að safnið heiðri á þennan hátt ungan listamann með sköpunargáfu sem enn er gjöful. Listasafnið hefur á undanförnum árum farið inn á nýjar brautir í sýningarhaldi og á frumlegan hátt hvatt okkur til að skoða listsköpun Íslendinga í nýju ljósi.

Vissulega er nokkur djarft hjá listasafni heillar þjóðar að veita ungum listamanni þann virðingarsess sem oftast er aðeins færður þeim sem sagan og tíminn hafa dæmt í sveit meistaranna, en mig langar að styrkja ákvörðun safnstjórans með lítilli sögu:

Það var fyrir um tuttugu árum að við Guðrún Katrín áttum á Seltjarnarnesi spjall við hinn merka listaverkasafnara Sverri Sigurðsson og barst talið að því hve erfitt væri að meta hvað lífvænlegt yrði í listum. Sverrir fór þá að segja okkur frá ungum strák sem enn væri í skóla en Sverrir taldi að gæti orðið arftaki meistaranna. Hann sagði:

„Ef ég ætti að velja málverk eftir ungan strák þá myndi ég kjósa Georg Guðna, mér segir svo hugur að hann eigi eftir að verða stór,“ sagði Sverrir. Í fyrsta sinn þarna í samtalinu á Seltjarnarnesi, heyrðum við nafn Georgs Guðna og eins og oft, bæði fyrr og síðar, reyndust augu Sverris skarpari en flestra annarra.

Það hefur verið ævintýri að fylgjast með sköpunarferli Georgs Guðna og njóta þeirrar nýju sýnar sem hann hefur jafnan fært. Við þökkum þær gjafir af heilum huga á þessum degi og óskum honum, Listasafni Íslands og reyndar einnig okkur sjálfum til hamingju með sýninguna sem ég opna nú með þessum orðum.